



MOSFELLSBÆR

Alþingi

Nefndasvið Alþingis

150 Reykjavík

Mosfellsbær, 29.10.2020

**Efni: Umsögn Mosfellsbæjar vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt kynskráning).**

Á fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 22. október var lýðræðis- og mannréttindanefnd Mosfellsbæjar falið að veita umsögn um frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt kynskráning).

Mosfellsbær fagnar ofangreindu frumvarpi og telur breytingarnar jákvætt skref sem séu til þess fallnar að bæta réttarstöðu einstaklinga og tryggja jafnræði fólks. Þó svo að frumvarpið feli fyrst og fremst í sér orðalagsbreytingar sem kunna að líta út fyrir að vera smávægilegar þá séu þær mikilvægur þáttur í að tryggja öllum jafnræði fyrir lögum, burtséð frá kyni, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Mosfellsbær telur mikilvægt að sveitarfélögum verði tryggt aðgengi að fræðslu og ráðgjöf um framkvæmd laga nr. 80/2019, um kynrænt sjálfræði.

Arnar Jónsson,

forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar